



Reykjavík 20. febrúar 2012

Skýrsla stjórnar AE starfsendurhæfingar fyrir árið 2011

Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað í maí 2005. Tilgangur félagsins er rekstur starfsendurhæfingar og að efla virkni fólks, sem misst hefur hlutverk í lífinu m.a. vegna andlegra áfalla. Stjórn félagsins var óbreytt frá fyrra ári. Sæunn Stefánsdóttir var stjórnarformaður og Þórólfur Árnason varaformaður. Aðrir í stjórn voru Andri Árnason, Árni Gunnarsson og Jóhanna E. Vilhelmsdóttir. Varamaður í stjórn var Elín Ebba Ásmundsdóttir. eigandi AE starfsendurhæfingar sem rekur Hlutverkasetur,

Í Hlutverkasetri störfuðu að jafnaði 10 starfsmenn á árinu 2011 í 6,6 stöðugildum. Meirihluti starfsmanna er með notendapekkingu. Mannabreytingar í starfsliði Hlutverkaseturs á árinu voru þær, að Jens Jensson hætti störfum hjá Hlutverkasetri í mars mánuði, eftir eitt ár í starfi. Stefán Sveinbjörnsson byrjaði í 100% starfi í febrúar. Kári Auðar Svansson kom í stað Jóns Ara Jónssonar, starfsmanns í NsN, sem fór í fæðingarorlof.

Sæunn Stefánsdóttir stjórnarformaður og Guðrún Helga Ólafsdóttir, starfsmaður Hlutverkaseturs, heiðruðu sjálfboðaliða á aðalfundi félagsins sem haldinn var í maí. Eftirfarandi einstaklingar voru heiðraðir: Ásta Ástvaldsdóttir, Guðmundur Bergmann, Guðrún Ólafsdóttir, Sigurður Bragason, Trausti Traustason, Jóhanna Axelsdóttir, Kristbjörg Ásmundsdóttir, Liudmila Ólafsson, Þórður Örn Guðmundsson, Ingbór Hrafinkelsson, Lilja Steingrímsdóttir og Roman Gerasymenko.

Starfsdagur var haldin 30. sept. Þrjú efni voru tekin fyrir; móttaka nýliða, störf í Hlutverkasetri og upplifun á þeim gildum sem viðhöfð eru í daglegri starfsemi. Nefnd var skipuð til að vinna kynningarblað sem nýir þátttakendur munu fá og hvernig nýta megi verkefni sem vinnuþjálfun í Hlutverkasetri. Sjö einkennandi gildi upplifðu þátttakendur að viðhöfð væru í Hlutverkasetri: Heimilislegur andi, margbreytileiki, fordómaleysi, virkni, mannrækt, jafningastarf og valdefling.

Samningar Hlutverkaseturs

Samningar voru gerðir á árinu við Velferðarráðuneytið, Reykjavíkurborg og VR. Samningar við Velferðarráðuneytið voru á sömu nótum og við Félags- og heilbrigðisráðuneytið. Málþingin út á landi voru hluti af heildarsamningnum og sérgreiðslur voru greiddar vegna framlags Elínar Ebbu til eflingar notendaáhrifa á landsbyggðinni. Inn í samninginn var auk starfsendurhæfingar komið ákvæði um almenna virkni. Reykjavíkurborg gerði samning fyrir 2011; starfsendurhæfingu, NsN úttekir á þremur íbúðarkjörnum, fræðslu um valdeflingu og jafningafræðslu og stuðning við samfélagsþátttöku íbúa sem búa í þjónustukjörnum á vegum borgarinnar. Þrjár skýrslur voru gerðar í tengslum við samninginn og skýrsla vegna úttektirnar, nefnd „Skref í rétta átt“, er aðgengileg á heimasíðu Hlutverkaseturs. VR var með samningi til lok júní 2011.

Málþing voru haldin á Akureyri, Sauðárkrók, Egilsstöðum og í Vestmanneyjum. Nú voru þau haldin, í samstarfi við starfsendurhæfingarstöðvar á viðkomandi stöðum, Vinnumálstofnun og Virk, starfsendurhæfingarsjóð auk Velferðarráðuneytisins og Háskólans á Akureyri. Höfuðáherslan var á mikilvægi virkni og á hvern hátt væri hægt skapa vel metin störf, á heimavelli, fyrir fólk með skerta starfshæfni.

Styrkir og samstarf

Nordplus veitti styrk til gagnkvæmra heimsókna á milli NsN hópsins í Noregi og NsN hópsins á Íslandi. Íslenski hópurinn heimsótti Norðmenn í Þrándheimi í byrjun júní og fóru sex fulltrúar frá Hlutverkasetri. Heimsóknin var afar vel heppnuð og héldu Norðmenn námskeið í NsN aðferðinni og sýndu brot af því besta sem sprottið hefur upp af notenda- og þekkingarreynslu þar í landi. Fjallað var um Nordplus styrkinn og verkefni í Hlutverkasetri í sænsku/finnsku tímariti sem kallast *Dialog – nordik nättnærk for vuxnas Lärande* og á heimasíðu www.napha.no – Nationalt kompetansesenter for psykisk helsearbeid.

Samstarf við geðsvið/iðjubjálfun Landspítala hélt áfram á árinu. Sylviane Pétursson, iðjubjálfi hélt reglulega fundi í tengslum við verkefni sem hefur það að markmiði að finna leiðir út á vinnumarkaðinn í samvinnu við notendur.

Íþróttasalur fatlaðra var leigður einu sinni í viku frá nóvember 2011 í samvinnu við Reykjavíkurborg og LSH þar sem stundaður var fótbolti. Bergþór Böðvarsson hélt utan um þá tíma og mættu 15 – 18 einstaklingar í hvern tíma.

Kór Hlutverkaseturs starfaði áfram á árinu. Samstarfið hófst í tengslum við styrk sem fékkst 2010 vegna Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun og voru 56 einstaklingar skráðir í kórinn og um 20 mættu á hverja æfingu.

Haustið 2011 kynnti Guðlaug Valdímarsdóttir, starfsmaður Hlutverkaseturs sér styrkveitingar hjá EBS og aðstoðaði 10 einstaklinga við að sækja um styrki til Grundtvig sjóðsins. Sjóðurinn styrkir m.a. einstaklinga með litla menntun og jaðarhópa, til dvalar á námskeiðum víða um Evrópu. Í lok árs höfðu tveir einstaklingar þegar fengið jákvæð svör.

Stöðug aukning í Hlutverkasetri

Rúmlega 400 einstaklingar sóttu námskeið á vegum Hlutverkaseturs á árinu 2011 og yfir 600 einstaklingar kynntu sér starfssemina. Frá janúar til júní 2011 voru að meðaltali um 50 einstaklingar sem Sjúkratryggingar Íslands greiddu fyrir á mánuði auk 25 einstaklinga sem komu frá VR þessa mánuði. Frá júlí út árið var talan komin upp í 63 einstaklinga að meðaltali á mánuði. Í allt voru 178 einstaklingar sem Sjúkratryggingar Íslands kostuðu og hljóðar samningar við þá upp á 5 mismunandi verðflokka, sem fer eftir hve mikinn stuðning fólk fær. Meirihluti þátttakanda í Hlutverkasetri voru í flokki 2 – 4. Aldursdreifing var nokkuð jöfn, meðalaldur var 42 ár. Konur voru í meirihluti, 67%. Af þessum 178 einstaklingum stunda 89 enn Hlutverkasetur. Hinir hafa fengið vinnu (14%), farið í skóla (7%) eða komist áfram í önnur úrræði (25%) eins og Janus, Reykjalund eða Hringssjá. Helmingurinn af þeim sem byrjuðu í Hlutverkasetri hættu. Ástæður voru mismunandi, fólk réð ekki við að taka ábyrgð á dagskipulagi, var of veikt eða veiktist, átti erfitt með að mynda tengsl, hætti vegna samskiptaerfiðleika, eða fór í aðra þjónustu án þess að láta vita. Flestir voru á örorku (44%), síðan koma einstaklingar sem voru á endurhæfingarlífeyri (25%) og atvinnuleitendur voru fimmtán prósent. Einstaklingar af erlendum uppruna voru um 5%. Þátttakendur komu oftast á eigin vegum en ef það voru tilvísunaraðilar voru þeir helst frá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, fagfólki LSH og öðrum úrræðum.


Tilvísunaraðilar	Fjöldi	%
Rvk	23	13
LSH	35	20
VMST	5	3
Á eigin vegum	59	33
önnur úrræði	28	16
Virk	15	8
Aðrir fagaðilar	13	7
Samtals	178	100

Innkoma	Fjöldi	%
Atvinnuleysisbætur	26	15
Örorkubætur	79	44
Endurhæfingarlífeyrir	44	25
Sjúkradagpeningar	8	4
Vinna	4	2
Nemi	2	1
Félagsstyrkur	10	6
Óþekkt	5	3
Samtals	178	100

Aldursdreifing	Fjöldi	%
18-30	41	23,0
30-40	47	26,4
40-50	31	17,4
50-60	40	22,5
60+	19	10,7
Alls	178	100

Áframhald	Fjöldi	%
Hlutverkasetur	89	50
Vinna	13	7
Nám	6	3
annað úrræði	22	12
úrræði hentar ekki	45	25
leyfi	3	2
Samtals	178	100

Konur =	106
Karlar =	72



Könnuð var þátttaka og virkni í Hlutverkasetri sem unnin var af Védís Drafnardóttir dagana 17. og 18. febrúar 2011. Alls tóku 20 manns þátt í rannsókninni. Þátttakendur voru á aldrinum 25-60 ára. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi: Hlutverkasetur hafði mismunandi tilgang fyrir þátttakendur. Margir viðmælenda tóku fram að áður en þeir kynntust starfseminni hefðu þeir átt erfitt með að fara framúr á morgnana. Þeir hefðu verið einangraðir og ekki séð neinn tilgang í að fara á fætur. Það að tilheyra hópi, vera í góðum félagsskap og upplifa hlýju, gæfi þeim orku til að hefja daginn. Rauði þráðurinn í frásögnum viðmælenda og það sem oftast var tekið fram var framkoma og viðhorf starfsfólks Hlutverkaseturs. Framkoma þeirra einkenndist af hlýju viðmóti, virðingu og jafningjagrunni. Í öðru sæti var hve staðurinn væri heimilislegur, sem viðmælendur mátu mikils.

Auðna Ýr Oddsdóttir gerði þjónustukönnun í gegnum síma, í septembermánuði 2011. Haft var sambandi við einstaklinga sem höfðu tekið þátt í starfseminni tvo mánuði eða lengur og greitt var fyrir af Sjúkratryggingum Íslands árið 2010. Þeir sem uppfylltu þessi skilyrði voru 64 einstaklingar og 32 einstaklingar tóku þátt. Nánast allir sem svöruðu voru ánægðir með þjónustuna. Þeir mátu hana sem nauðsynlegan hluta af endurhæfingu sinni og /eða sem nauðsynlega virkni til að koma reglu á daginn. Það sem oftast var tekið fram var ánægja með að fá hvatningu til að láta drauma sína rætast varðandi menntun eða vinnu. Eins voru viðmælendur ánægðir með iðjubjálfa sem störfuðu á staðnum og margir tóku fram að þeir ættu stóran þátt í bataferli þeirra.

Fjölbreytt starfsemi

Yfir 60 námskeið/fyrirlestrar voru í boði árið 2011, sem starfsfólk Hlutverkaseturs, verktakar eða sjálfboðaliðar sáu um. Verktakar á árinu voru 10 og sjálfboðaliðar voru 17 talsins. Dæmi um námskeið sem voru í boði: Leiklist til sjálfsræktar, olúmálun, fimó leir, málað á keramik, kundalini jóga, að hlusta á líkamann, sjálfsstyrking, magadans, slökun, öndunarjóga, tölvan mín, líkamsrækt fyrir karla, myndlist, ættfræði, akrýlmálun, leirlist, bókagerð, fjármál/draumar, náttúrusmiðja, íslenskuæfingar fyrir útlendinga, klippimyndir, kór, leikur að tölum, umræðuhópur, franska, teikning, jólaskreytingar, haustkransagerð og heimspeki. Auk þess var hómópati með mánaðarlega fræðslufundi, snyrtifræðingur leiðbeindi og gestir komu og lásu úr verkum sínum. Gönguferðir voru farnar bæði daglega og lengri ferðir í nágrenni Reykjavíkur. Sjósond var stundað vikulega.

Kennsla í leiklist og geðrækt með aðferðum leiklistar var einkum þrjúþætt í Hlutverkasetri á árinu: Vikulegir leiklistartímar, samfelld námskeið og psychodrama vinnustofur. Framan af ári stýrði Trausti Ólafsson vikulegum tímum, en í ágúst tók Eggert Rafnsson við sem leiðbeinandi, en hann hafði tekið virkan þátt í leiklistartímunum Trausta. Samfelld námskeið voru haldin í Norðurpólnum, leikhúsi á Seltjarnarnesi. Boðið var upp á 12 stunda námskeið í ágúst, september, þrjú tímar í senn og 16 stunda námskeið í október og nóvember, fjórir tímar í senn. Um 50 manns skráðu sig og um 20 mættu í hvert skipti. Sex psychodrama vinnustofur voru haldnar á árinu og hver þeirra var tólf stundir. Þrjár þeirra sem nefndust „Í aðalhlutverki í eigin lífi“ voru styrktar af Velferðarvaktinni. Gestastjórnandi í einni þeirra var Celia Scanlan, skoskur geðhjúkrunarfræðingur, sérmenntuð í psychodrama. Þátttakendur voru frá 14 upp í 18 manns. Spurningarlisti var lagður fyrir alla þátttakendur í lok vinnusmiðjunnar. Allir töldu sig hafa fengið verulegan persónulegan og faglegan ávinning með þátttöku sinni. Góð tengsl mynduðust á milli þátttakenda. Það sem kom helst að óvart var að ekki reyndist neitt vandamál að vinna með hópi af fólki sem átti sér ólíkan persónulegan og faglegan bakgrunn. Aldursmunurinn reyndist heldur ekki nein hindrun í starfi hópsins. Aldursdreifing í hópnum var mikil, allt frá fólki rúmlega tvítugu til fólks sem komið var yfir sextugt. Oftast var jöfn þátttaka karla og kvenna í vinnustofunum og virtist það hafa mjög góð áhrif á vinnuna.

Á árinu 2011 var Hlutverkasetur í samvinnu við tvo meistaranema í listkennslu við Listaháskóla Íslands. Meistaraneimarnir fengu að hafa listasmiðju að eigin vali og nýta til rannsókna fyrir lokaverkefni sín. Fyrsta listasmiðjan fjallaði um skoðun listasafna og var stjórnad af Ásdísi Arnardóttir. Tólf konur tóku þátt og stóð hún yfir í fimm vikur. Lokaverkefnið hét „Eflandi áhrif listasmiðjunnar: Minningasmiðja og heimsóknir á listasöfn“. Verkefnið má sjá á skemman.is undir <http://hdl.handle.net/1946/9048>. Önnur listasmiðjan var þrískipt og hófst fyrsti hluti hennar í maí og annar hluti í desember 2011. Síðasti hluti smiðjunnar mun svo fara fram í byrjun febrúar 2012. Niðurstöður munu liggja fyrir vorið 2012. Stjórnandi þessa þrífleiks er Anna Henriksdóttir sem starfar í Hlutverkasetri og verkefnið heitir Listvist. Í tengslum við þetta verkefni hafa verið sýningar á verkum þátttakenda á veggjum Hlutverkaseturs. Báðar þessar rannsóknir skoða eflandi áhrif lista á þátttakendur Hlutverkaseturs. Hlutverkasetur hefur einnig notið samstarfs við listkennaranema frá Listaháskólanum á árinu og hafa þríf nemar séð um ýmskonar listnámskeið. Þessir nemar útskrifuðust sem listkennarar frá skólanum í júní 2011 og héldu áfram að vera með námskeið í Hlutverkasetri sem verktakar. Sem dæmi um námskeið sem þessir listkennarar hafa sett: Japönsk málun, bókagerð, skrautskrift, fígúruklipping, dúltleikningu, skuggamyndagerð, vatnslítamálun, olímálun, leir, fjarvíddarteikning, módelteikning, pappírsskúlpúrur og listamannakynningar.

Fjölmiðlaumfjöllun og kynningarmál

Elín Ebba var gestur Þórhalls Gunnarssonar í sjónvarpsþættinum í Návígi á RÚV í janúar 2011. Þar komu einnig fram Jón Ari Jónsson og Auðna Ýrr Oddsdóttir starfsmenn NsN hópsins og Ágústa Ísleifsdóttir sem tekið hafði þátt í kynningarmynd um Hlutverkasetur á Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun 2010. Þátturinn vakti athygli og margir lögðu leið sína í Hlutverkasetur eftir sýningu þáttarins. Elín Ebba Ásmundsdóttir var tilnefnd til verðlauna sem alþjóðleg tengslanet frumkvöðlakvænna; EUWIIN og GWIIN, veita. Elín Ebba tilheyrði flokki frumkvöðla sem leggja áherslu á nýjar aðferðir til færniefingar. Elín Ebba tók þátt í ráðstefnu sem haldin var af EUWIIN og GWIIN og kynnti starfsemi Hlutverkaseturs. Gerður var nýr bæklingur um Hlutverkasetur bæði á íslensku og ensku. Elín Ebba var með innlegg á notendaráðstefnu haldna í New York í júnímánuði. Það sem þótti áhugaverðast var á hvern hátt Hlutverkasetur hefur tekist að blanda ólíkum hópum saman til að vinna í verkefnum. Viðtal við Elínu Ebbu birtist í Morgunblaðinu í tengslum við stóran greinaflokk sem birtur var í þremur helgarblöðum í júlímánuði um geðheilbrigðismál. Elín Ebba skrifaði kafla í fyrstu íslensku bókinni sem gerð hefur verið um iðjuþjálfun á Íslandi. Eins birtist grein eftir hana í Geðvernd þar sem skoðað var, með orðræðugreiningu, stefna stjórnvalda, geðheilbrigðisþjónustunnar og á hvern hátt kerfið mætir einstaklingum sem vinna í anda valdefingar. Greinin er sú fjórða í tengslum við rannsókn sem Elín Ebba gerði um bataferli geðsjúkra. Niðurstöður úr henni voru nýttar til að þróa starfsemi Hlutverkaseturs. Elín Ebba var síðan með innlegg fyrir Rotary félaga í Hafnafirði, fyrir heimsóknarvini Rauðakrossins í Kópavogi, á starfsdegi forstöðumanna ITR, með innlegg á starfsdögum í íbúðarkjörnunum að Þórðarsveig, Gunnarsbraut, Skúlagötu og Hverfisgötu. Þá hélt hún erindi fyrir fulltrúa Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, fagræð atvinnulífsins sem náms- og starfsráðgjafar starfa í og fyrir starfsmenn námsflokkananna í Breiðholti. Virknimiðstöðin Virkjun á Suðurnesjum fékk hana til að halda erindi fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða sem þar starfa.

Pátttaka í menningarviðburðum og heimsóknir

Hlutverkasetur tók þátt í menningaraðburðum á árinu eins og áður. Fulltrúar Hlutverkaseturs tóku þátt í *Kærleiksgöngunni* sem var hluti af viðburði vetrarhátíðar Reykjavíkurborgar. Þátttakendur Hlutverkasetur tók þátt í gjörningi í tengslum við alþjóðadag “*Parak freeday*”. Þeir lásu upp úr bókum á bílastæðum borgarinnar, þrjónuðu, fóru í París, snú snú og teyjutvist. Hlutverkasetur tók þátt í Menningarnótt eins og síðustu þrjú ár og bauð Reykvíkingum upp á ókeypis knús. Hlutverkasetur var einnig með kynningu á Alþjóðaheilbrigðisdeginum 10. okt. í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fulltrúar notenda Hlutverkaseturs tók þátt í forvarnarverkefni Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur ásamt Átaki félagi fólks með þroskahamlanir, Hugarafli – félag fólks með geðraskanir, Samtökunum 78 og ungmennum af erlendum uppruna. Fulltrúar Hlutverkaseturs tók þátt í stefnumótunarvinnu á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í menningar- og félagsmiðstöðvarinnar í Gerðubergi. Hugsunin er að reyna að breyta Gerðubergi í virknimiðstöð fyrir alla og fulltrúar Hlutverkaseturs gátu deilt reynslu sinni og þekkingu í stefnumótunarvinnunni.

Pátttaka í Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun 2010 leiddi til heimsóknna á árinu 2011. Frá Noregi komu 12 starfsmenn frá 10 ólíkum stöðum sem vinna með jarðarhópa eins og geðsjúka, fátæka, útlendinga og fíkniefnaneytenda. Fimm starfsmenn komu frá Danmörku sem vinna eftir sömu hugmyndafræði og Hlutverkasetur – batamódelinu, valdeflingu og að vinna út frá áhugahvöt fólks. Tveir iðjuþjálfanemar kom í vettvangsnám í Hlutverkasetur. Þeir stunduðu nám í FhJoanneum University of Applied Sciences í BadGleichenberg, Austurríki. Fyrirspurn barst stjórn AE starfsendurhæfingar um að taka þátt í landsamtökum stjórna starfsendurhæfingarstöðva á landsvísu. Markmiðin eru m.a. að stuðla að skipulegri samvinnu milli starfsendurhæfingastöðva í landinu, samræma vinnubrögð í veitingu þjónustu, halda málþing og eiga samstarf í tengslum við rannsóknarvinnu.

Stjórnin fundaði sex sinnum á árinu. Stjórnin vill þakka starfsfólki Hlutverkaseturs, sjálfboðaliðum og þátttakendum fyrir afar blómlegt starf og gott samstarf á árinu.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,

Sæunn Stefánsdóttir, stjórnarformaður